



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir kennslu á háskólastigi (Háskóli Íslands Saga) að Hagatorgi 1, F2028392, merking 01 0101, kjallari, 1., 2. og 3. hæð suðurálmu ásamt 2. hæð norðurálmu.

Nafn leyfishafa: Háskóli Íslands

Heimilisfang: Sæmundargata 2, 102 Reykjavíkurborg

Kennitala: 600169-2039

Gildir frá: 20. nóvember 2025

Gildir til: 20. nóvember 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfis-skilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Samræmdum starfsleyfis-skilyrðum fyrir framhalds- og háskóla. Samþykkt að breyta starfsleyfi á afgreiðslufundi HER 8. janúar 2026.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 8. janúar 2026





Háskóli Íslands

kt. 600169-2039

Hagatorgi 1

vegna kennslu á háskólastigi í starfstöð fyrirtækisins að Hagatorgi 1.

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti.

Dags. umsóknar. Sjá kafla 1. hér að neðan.	04.09.2024, 05.06.2025 og 30.09.2025
Rekstraraðili, kt.	Háskóli Íslands, 600169-2039
Heiti fyrirtækis	Háskóli Íslands
Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmisnúmer.	Hagatorg 1, F2028392, merking 01 0101.
Tegund starfsemi	Tölulíður 89 í viðauka við lög nr. 7/1998.
Tílefni umsóknar	Ný starfsemi, flutningur í nýtt húsnæði og breyting á starfsemi. Um er að ræða þrjár umsóknir þar sem aukið er við húsnæði á milli umsókna.
Staðfesting á samþykki byggingarfulltrúa og samræmi við skipulag. Sjá kafla 2. að neðan.	Staðfestingar bárust í tölvupósti til HER þann 14. ágúst 2025, 19. september 2025 og þann 29. október 2025.
Dags. birtingar auglýsingar, efni tillögunnar, hvar hún var birt og frestur til athugasemda. Sjá kafla 3. hér að neðan.	15.08.2025 og 24.09.2025. Í tillögunum er lagt til að um starfsemina gildi samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir framhaldsskóla og háskóla. Auglýsingar voru birtar á vefsíðu HER. Í umsókninni sem barst 30.09.2025 var sótt um breytingu, en þá var nýtt heimild til breytinga á starfsleyfum skv. 14. gr laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, en þá þarf ekki að auglýsa tillögu að breytingunni á starfsleyfinu.
Athugasemdir sem bárust. Hafi athugasemdir borist er gerð grein fyrir þeim í kafla 4. hér að neðan.	Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.
Hafi verið gerðar breytingar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu er gerð grein fyrir því í kafla 5. hér að neðan.	Engar breytingar voru gerðar á auglýstum tillögum að starfsleyfum.



Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla. Sjá kafla 6. hér að neðan.

Umsóknirnar voru lagðar fyrir 1845. afgreiðslufund HER þann 17.09.2025 og 1874. afgreiðslufund HER þann 20.11.2025, breyting á starfsleyfi var lögð fyrir 1884. afgreiðslufund HER þann 08.01.2026. Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára.

1. Móttaka á umsókn

Umsóknir rekstraraðila um starfsleyfi bárust Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umsóknir voru metnar fullnægjandi þegar öll nauðsynleg gögn höfðu borist.

2. Samræmi við skipulag og heimila notkun húsnæðis

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal rekstraraðili sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggi fyrir og starfsemin standist skipulag.

Dagana 14. ágúst 2025, 19. september 2025 og 29. október 2025 bárust staðfestingar byggingarfulltrúa um notkun húsnæðisins.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis hún er og hvar megi nálgast tillöguna. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda að starfsleyfi innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi er auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/starfsleyfi-i-auglysingu-samkvaemt-reglugerd-nr-9032024>.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýstar tillögur að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis (ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur ef lagt fyrir nefndina).



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Í samræmi við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, nánar tiltekið viðauka 2.2 sem fjallar um embættisfærslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, voru ofangreindar starfsleyfisumsóknir lagðar fyrir afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Eftir að starfsleyfi var gefið út tvívegis, var breyting gerð á starfsleyfi sbr. heimild til breytinga á starfsleyfum skv. 14. gr laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem sneri að húsnæði starfseminnar. Kennslustofur í kjallara hússins bættust við starfsleyfið. Með breytingunni nær nýtt starfsleyfi til rýma í kjallara, 1., 2. og 3. hæð suðurálmu ásamt 2. hæð norðurálmu. Starfsemin er að öðru leiti óbreytt, gildistími starfsleyfis er óbreyttur eða til 20.11.2037.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

2. september 2026, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Guðlaug Gylfadóttir